


Lyfjaendurnýjun

Hægt er að framkvæma lyfjaendurnýjun í Lyfjakorti og í Hraðskráningu. Innan tíðar verður lyfjaendurnýjun ekki möguleg í Hraðskráningu þar sem sú eining er úrelt og verður fjarlægð úr kerfinu. Þróun stendur yfir á einingunni „Klínísk skráning lækna“ sem mun koma í staðinn fyrir Hraðskráninguna.

Lyfjaendurnýjun í Lyfjakorti:

1. Lyf sem endurnýja á er valið úr lyfjalistanum.
2. Velja **Lyfjakort** og **Lyfjaendurnýjun** í fellivallistanum. Einnig hægt að hægri smella á valið lyf úr listanum og velja **Lyfjaendurnýjun** eða smella á flýtihnappinn .
3. Ef samskipti eru valin í eyðublaðaeiningunni er nýju lyfi er bætt á lyfjakortið, verður Lyfjabreytingablaði bætt við í valin samskipti. Ef vallin samskiptin í eyðublaðaeiningunni eru eldri en 3ja daga spyr kerfið hvort bæta eigi lyfjaávísuninni við þau samskipti. Ef engin samskipti eru valin í eyðublaðaeiningunni verður að velja viðeigandi sniðmát fyrir samskiptin. Glugginn **Lyfjaendurnýjun** opnast þar sem viðeigandi sniðmát er valið. Ný Samskipti og Lyfjabreytingablað stofnast í Eyðublaðaeiningunni.
4. Viðeigandi breytingar gerðar á lyfjafyrirmælum.
5. Smellt á **Vista** hnappinn.
6. Í eyðublaðaeiningunni er nú tilbúinn Samskiptaseðill og Lyfseðill sem þarf að staðfesta.

Einungis er hægt að endurnýja eitt lyf í einu með þessum hætti.

Mínum á heimasíðuna okkar www.emr.is en þar má finna vefhandbækur fyrir Sögu.

Með kveðju

EMR - Heilbrigðislausnir